

Rammasamningur um kaup á tölvum og tengdum búnaði 2006 - 2008

<p>Í september 2006 var skrifað undir rammasamning við fjögur fyrirtæki um tölvur og skyldan búnað</p> <p>Samningurinn tekur gildi frá og með 1. september 2006 og gildir til tveggja ára með ákvæði um möguleika á framlengingu tvisvar sinnum til 1 árs í senn.</p>	<h3>Helsti ávinningur af rammasamningi</h3> <p>Með því að rammasamningur um tölvur og skyldan búnað hefur verið undirritaður er komið á traust viðskiptasamband milli opinberra kaupenda og 4 sterkra aðila á markaðnum.</p> <p>Það að vera aðili að rammasamningskerfi Ríkiskaupa gefur kaupendum tækifæri til að tryggja sinni stofnun eða sínu fyrirtæki mun betri kjör en gengur og gerist á almennum markaði.</p> <p>Ríkiskaup minna á mikilvægi þess að samskipti seljenda og kaupenda á samningstíma séu virk og miði að því að ná hámarks sparnaði og og hagræði og uppfylla þannig væntingar bæði seljenda og kaupenda til samnings.</p>
<h3>Undanfari samnings</h3> <p>Undirbúningur við gerð útboðs hófst í ársbyrjun 2006 og 29. júní s.l. voru tilboð opnuð en tilboð bárust frá 13 aðilum. Niðurstöður útboðsins voru kynntar 1. september 2006.</p> <p>Útboðið skiptist í eftirfarandi yfirflokk:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Borðtölvur2. Fartölvur3. Skjái4. Netþjónar5. Prentarar6. Skjávarpar7. Rekstarvörur8. Gagnageymslur9. Þjónusta <p>Umfang tilboða bjóðenda var nokkuð mismunandi. Í sumum tilvikum náðu tilboð bjóðenda til allra flokka útboðsins, en í öðrum tilvikum voru einungis gert tilboð í hluta skilgreindra vöruflokka.</p> <p>Samið var við eftirtalin fyrirtæki:</p> <p>EJS www.ejs.is Nýherji www.nyherji.is Opin kerfi www.ok.is Tölvulistinn www.tolvulistinn.is</p>	<h3>Nokkrir lykilþættir samnings</h3> <p>Samningur nær yfir alla áður nefnda flokka</p> <p>Tengiliður seljanda er ábyrgur fyrir réttum vinnubrögðum og verði frá hendi seljanda. Tengiliðir samningsins eru eftirtaldir:</p> <ul style="list-style-type: none">• EJS - Ari Sigurðsson• Nýherji - Jón K. Jensson• Opin kerfi - Gylfi Sigurðsson• Tölvulistinn - Ásgeir G. Bjarnason <p>Seljanda ber skylda til að ráðleggja bestu lausn í samráði við kaupanda.</p>
<h3>Markmið útboðs</h3> <p>Að tryggja kaupendum verð á tölvum og skyldum búnaði eins og lægst þekkist á mörkuðum í kringum okkur. Að fá upp á borð lausnir, verð og áherslur bjóðenda á þessum vörum og tryggja kaupendum þar með val í stefnumótun sinni þegar kemur að kaupum á þessum búnaði..</p>	<h3>Til umhugsunar fyrir kaupendur</h3> <ul style="list-style-type: none">• Vera klár á helstu skilmálum samnings og þar með tilboðum og skyldum seljanda.• Vera klár á því hvaða lausnir eru í boði.• Vera klár á hver þörfin er nú og hver framtíðarstefna kaupanda í tölvumálum er. <p>Tengiliður Ríkiskaupa við samning er Ragnar Davíðsson, verkefnastjóri á Ráðgjafasviði Fyrirspurnir sendist á rikiskaup@rikiskaup.is eða í síma 530 1400.</p>

Samninginn í heild sinni með öllum nánari upplýsingum er að finna á rafræna markaðstorginu www.rm.is



RÍKISKAUP

Til athugunar á samningstíma

• Ákvæði um listaverð

Efni seljandi til sértíla boða, útsölu eða samsvarandi verðlækkana á samningstímanum skal þess gætt að aðilar að rammisamningi njóti hagstæðasta verðs sem í boði er. Boðinn afsláttur skal miðast við lágsta listaverð hverju sinni og skulu bjóðendur auðkenna tímabundin listaverð greinilega ellegar vera skuldbundnir til að gefa boðinn afslátt frá þeim.

• Ákvæði um skyldur endurseljenda

Seljandi sem handhafi samnings er ábyrgur fyrir sínum endurseljendum. Áhersla er lögð á að endurseljendur kynni sér samning þennan vel, m.a. verða þeir að skrifa upp á skjal þar sem þeir gangast við því að þekkja innihald samnings og muni selja eftir honum í hvívetna. Ríkiskaup ráðleggja kaupendum engu að síður að fylgjast einnig með því að þeir fái rétt verð, sér í lagi í byrjun samningstímabils.

• Ákvæði um verðhækkanir

Verðbreytingar eru háðar samkomulagi samningsaðila. Ef verðlistaverð breytist er seljendum skylt að tilkynna breytingu til Ríkiskaupa og fá samþykki fyrir verðbreytingum.

◆ Þjónusta við viðskiptavinum ◆

Hjá Ríkiskaupum starfar fólk sem hefur reynslu af ýmsum sviðum sem tengjast innkaupum. Sú þekking sem til staðar er hefur ekki byggst upp á einni nóttu.

Gott samstarf við starfsmenn hjá fjölmörgum ríkisfyrirtækjum hefur aukið vitneskju starfsmanna Ríkiskaupa um hinar ýmsu hliðar innkaupa.

Starfsmenn Ríkiskaupa vilja auka vitneskju um innkaup og miðla þeirri þekkingu sem til staðar er hjá fyrirtækinu. Þess vegna stendur ríkisfyrirtækjum til boða að fá til sín ráðgjafa sem skoðar innkaupaferli viðkomandi með utanaðkomandi sýn.

Flókin verkefni verða oft mun meðfærilegri þegar horft er á þau með nýjum augum því fátt er nýtt undir sólinni og oft er hægt að stytta sér leið og spara þannig tíma og peninga með því að nýta reynslu annarra við svipuð verkefni.

◆ Stefnuyfirlýsing Ríkiskaupa ◆

Ríkiskaup er fyrirtæki í eigu ríkisins. Ríkiskaup leggja áherslu á að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna, sem eru opinber fyrirtæki og stofnanir og leggja þannig sitt af mörkum fyrir eigendur sína sem eru þegnar landsins. Stefnuyfirlýsing Ríkiskaupa er sett fram í þremur einkunnarorðum: Skilja, Bæta, Spara.

- **Skilja:** Ríkiskaup leggja ávallt áherslu á þekkingaröflun. Ríkiskaup beita þekkingunni til að skilja sem best þarfir markaðarins og að veita viðskiptavinum sínum bestu fánlegu ráðgjöf og þjónustu á sviði innkaupa.
- **Bæta:** Ríkiskaup gera ávallt ríkar kröfur um heilindi, traust og fagleg vinnubrögð, ásamt því að vera leiðandi í fræðslu um innkaupataekni. Þannig stuðla Ríkiskaup að heiðarlegum, gagnsæjum og góðum venjum við opinber innkaup.
- **Spara:** Ríkiskaup lækka viðskiptakostnað opinberra fyrirtækja, minnka fyrirhöfn þeirra með rafrænum viðskiptum og lækka þannig heildarútgjöld til opinberra innkaupa, til hagsbóta fyrir skattgreiðendur.



RÍKISKAUP